



Umhverfissráðuneytið
 Sigurður Á. Þránínsson
 Skuggasundi 1
 150 REYKJAVÍK
 Ísland

Garðabær, 15. júlí 2011
 2011060016/42-0
 TB/SH
 jgo/tb

Náttúruverndaráætlun 2009-2013, friðlýsing plantna og fléttna

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 10. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að auglýsingu um friðlýsingu háplantna, mosa og fléttna í samræmi við náttúruverndaráætlun 2009-2013 sem samþykkt var sem þingályktunartillaga frá Alþingi og umhverfissráðuneytið hefur unnið að. Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu sem stafar m.a. af sumarfríum starfsmanna.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreind drög að auglýsingu um friðlýsingu plantna og fléttna og gerir ekki athugasemdir við þau. Náttúrufræðistofnun telur tímabært og styður eindregið að þær tegundir sem tilgreindar eru í auglýsingunni verði friðlýstar (margar háplantanna eru nú þegar friðlýstar) og að það verði gert eins fljótt og hægt er. Stofnunin gerir sér fulla grein fyrir að friðlýsing tegunda getur verið bundin ákveðnum annmörkum en m.a. verður að kynna fundarstaði tegundanna vel fyrir landeigendum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er tegundafriðlýsing nauðsynlegur þáttur í náttúruvernd sérstaklega meðan að ekki liggur fyrir skýr friðlýsing búsvæða tiltekinna tegunda eða friðlýsing og/eða vernd vistgerða sem hýsa fleiri en eina tegund sem þarfnast sérstakrar verndar. Með friðlýsingu þeirra tegunda sem hér um ræðir er farið eftir bestu fánlegu þekkingu um stöðu tegundanna á válista. Náttúrufræðistofnun Íslands er falið að vakta þær tegundir sem hér er lagt til að friðlýsa. Verði breytingar í náttúrunni eða á þekkingu sem verða til þess að ekki er talið nauðsynlegt að hafa einhverra þeirra tegunda sem hér um ræðir áfram á válista má gera ráð fyrir að friðlýsingu þeirra tegunda verði aflétt í framtíðinni. Rétt er að benda á að í tillögum Náttúrufræðistofnunar að náttúruverndaráætlun 2009-2013 lagði stofnunin til að friðlýsingu sex tegunda yrði aflétt og eru þær því ekki með í drögum að framangreindri auglýsingu.

Virðingarfyllst

 Jón Gunnar Ottósson
 forstjóri

 Trausti Baldursson

Afrit: Umhverfisstofnun

